

15. nóvember 2017

## 8. FUNDUR FORELDRARÁÐS DALBORGAR

fundarstaður: Dalborg  
hófst kl. 20.30

Fundinn sátu: Sonja formaður, Kamma ritari, Elín gjaldkeri, Ásdís og Þórdís leikskjólástjóri.

### Dagskrá:

#### 1. Starfsáætlun kynnt

*Þórdís leikskólástjóri kom og kynnti starfsáætlun leikskólans. Lögð var fram tillaga að breyttri dagsetningu á starfsdegi þ.e.a.s að hafa starfsdag 2. janúar nk. í stað þess að hafa hann á vor/sumar mánuðum og var það samþykkt.*

#### 2. Fjarðarforeldrar

*Kamma kynnti foreldraráði fyrir Fjarðarforeldrum sem eru svæðissamtök foreldra í Fjarðabyggð. Áætlað er að foreldrafélagið taki virkan þátt í því starfi. Aðalfundur Fjarðarforeldra verður líklega 28.nóvember nk. Einnig var heimiliogskoli.is kynnt fyrir foreldraráðinu.*

#### 3. Jólagjafir

*Lagt var fram að Þórdís myndi pressa á deildarstjóra að finna jólagjafir fyrir hverja deild svo hægt sé að ganga frá því sem fyrst. Áætlað er að hver gjöf kosti 10-15 þús.*

#### 4. Tendrun

*Foreldraráð í samstarfi við íbúasamtök ætlar að taka að sér tendrun jólatrés. Undirbúningur skipulagður. Nánari dagsetning auglýst síðar.*

#### 5. Jólaskemmtun

*Foreldraráð sér um að skaffa mandarínur á jólaskemmtun leikskólans. Ásdísi falið að fá styrk frá Kjörbúðinni til að gefa leikskólabörnum mandarínur á skemmtuninni.*

#### 6. Jólabball fyrir alla bæjarbúa

*Byrjað er að skipuleggja jólaball fyrir bæjarbúa í samstarfi við íbúasamtök. Áformað er að hafa þetta með svipuðu sniði og í fyrra. Frítt verður inn en reynt verður að fá styrki frá fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Athuga áhuga foreldra í Dalborg um að hjálpa til við baksturinn. Áætluð dagsetning er 29.desember kl 16 (nánar auglýst síðar).*

#### 7. Gjaldkera skipti

Elín hættir sem gjaldkeri og Kata tekur við. Þökkum við Elínu kærlega fyrir samstarfið ☺ og bjóðum Kötu velkomna í hópinn ☺

#### Fundi slitið